



impra nýsköpunarmiðstöð  
Iðntæknistofnun

Borgum við Norðurslóð  
600 Akureyri  
Sími: 460 57970  
Fax: 460 7971  
www.impra.is



Atvinnuþróunarfélag  
Eyjafjarðar

Borgum við Norðurslóð  
600 Akureyri  
Sími: 460 5700  
Fax: 460 5709  
www.afe.is



**ungir**  
frumkvöðlar

Sú færni og reynsla sem þú öðlast á námskeiðinu á eftir að fylgja þér gegnum lífið og koma sér vel síðar meir þegar kemur að því að velja starfs- og námsvettvang.



**ungir**  
frumkvöðlar  
... á Akureyri

Young Entrepreneur Factory  
25.-27. febrúar, Borgum. rannsóknarhúsi  
Háskólans á Akureyri



impra nýsköpunarmiðstöð  
Iðntæknistofnun



Atvinnuþróunarfélag  
Eyjafjarðar

## Námskeiðið

25.-27. febrúar nk. verður námskeiðið Ungir frumkvöðlar haldið í Borgum, rannsóknarhúsi Háskólans á Akureyri. Námskeiðið verður það annað af sjö sem verða haldið víðsvegar um landið. Leiðbeinandi á námskeiðinu er G. Ágúst Pétursson, stjórnarformaður Frumkvöðlafræðslunnar ses. og verkefnisstjóri í Nýsköpun 2005, samkeppni um viðskiptaáætlanir.



## Skemmtimenntun!

Þessi þriggja daga frumkvöðlasmiðja er fyrir jákvæða og áhugasama einstaklinga á aldrinum 15-20 ára. Þú lærir ýmislegt um samninga- og sölutækni, þjónustu, aðferðir við að leysa vandamál, tímastjórnun, grunnatriði bókhalds og þið fáið þjálfun við að tjá ykkur fyrir framan hópinn.

**Pú færð góða innsýn í stofnun og rekstur eigin fyrirtækis.**

**Pú ferð heim með viðskiptaáætlun sem þú vinnur með fleirum í litlum hópi fyrir raunhæft lítið fyrirtæki.**

**Pú lærir að búa til kynningarefni og skrifa einfalda markaðsáætlun.**

**Þið takið þátt í margháttaðu hópstarfi sem bæði felst í verkefnavinnu, viðskiptaleikjum og útivist. Einnig kemur gestafyrirlesari á staðinn.**

**Í lok námskeiðs kynna hóparnir verkefni sín fyrir dómnefnd og velur hún bestu viðskiptaáætlunina. Sú áætlun keppir síðan á landsvísu þar sem sigurliðið fær ferð til útlanda til að hitta aðra unga frumkvöðla.**

**Pú öðlast færni til að takast á við raunveruleika viðskiptalífsins með jákvæðum og marksæknum hætti.**

**Pú lærir að koma auga á tækifærin í umhverfinu og skilja mikilvægi þess að horfa á samspil á milli kostnaðar og tekna.**

**Pú færð þjálfun í að tjá þig frammi fyrir hópi fólks.**



## Verkefnið

Evrópuverkefnið Ungir frumkvöðlar, eða Young Entrepreneur Factory, hefur það að markmiði að þroska og efla frumkvöðlakraft ungs fólks í dreifðari byggðum.

Auk Íslands taka þátt í verkefninu Skotland, Noregur, Svíþjóð, Grænland og Rússland. Þátttakendur í verkefninu á Íslandi eru Impru nýsköpunarmiðstöð og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi - þróun og ráðgjöf. Verkefnið er unnið með stuðningi frá Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins og Byggðastofnun.

## Fyrir hvern

Þetta skemmtilega og gagnlega námskeið er ætlað ungu fólki á aldrinum 15-20 ára á Vesturlandi og er þátttaka endurgjaldslaus. Allt sem þarf er jákvætt hugarfar, brennandi áhugi og vilji til að vinna að því að leita tækifæra sem leynast á hverju strái! Athugið að aðeins er hægt að taka á móti takmörkuðum fjölda á námskeiðið.

## Hvernig sæki ég um?

Þú getur nálgast umsóknareyðublað á vef Impru, [www.impra.is](http://www.impra.is) og á vef AFE, [www.afe.is](http://www.afe.is). Þú getur sömuleiðis fengið frekari upplýsingar um námskeiðið á vef Impru og AFE eða haft samband við Björn Gíslason, Impru, í síma 460 7975 eða Elvar Val Knútsson, Impru, í síma 460 7973. **Síðasti dagur til að skila inn umsókn er miðvikudagurinn 23. febrúar.**